

Alþingi
Erindi nr. P 140/545
komudagur 11.11.2011

30.11.2011

Sendandi Ragnar Böðvarsson Fossheiði 62, 800 Selfossi.

Athugasemdir við tillögur stjórnlagaráðs eins og þær birtust á netinu:

14. gr. Önnur lína í næstsíðustu málsgrein: Ég legg til að í stað orðsins "netinu" komi "rafrænu alneti" eða "internetinu"

Netið eitt er svolítið snautt og aldrei að vita nema einhverjum útúrsnúningafræðingi takist að misnota það.

14. gr. Aftar í sömu línu: Ég legg til að í stað "úrlausn dómara" komi "úrskurði dómara".

34. gr. Síðustu málsgreinar hljóði svo: "Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld fara með umráð auðlinda í umboði þjóðarinnar og bera ásamt þeim sem nýta auðlindirnar "..... og síðan áfram óbreytt.

Vegna endurtekinna fullyrðinga um að þjóðin geti ekki átt neitt, hygg ég rétt að taka skýrt fram hver sjái um eignir hennar.

26. gr. Ritvilla! Síðasta orðið verði "útrýmingarhættu" ekki "útrýmingahættu"

52. gr. Þessi grein þykir mér óskýr, gera þarf nánari grein fyrir framkvæmd kosningarinnar.

65. gr. Fyrsta setning hljóði svo: "Tuttugu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt."

Tíu af hundraði er að minni hyggju of lágt hlutfall og býður upp á að lýðskrumarar reyni kerfisbundið að koma í veg fyrir framgang fjölmargra mála.

Virðingarfyllt

Ragnar Böðvarsson
símar 482 3728, 849 6385